



Eskja hf.
Strandgata 39
735Eskifirði

Reykjavík, 29. janúar 2021
UST202003-119/H.R.A.
08.10.02

Efni: Samþykkt úrbótaáætlun

Umhverfisstofnun vísar í bréf sitt frá 29. desember sl. þar sem stofnunin óskaði eftir tímasettri áætlun um úrbætur vegna frávíka er fram komu í eftirliti stofnunarinnar hinn 18. nóvember 2020. Hinn 19. janúar sl. barst úrbótaáætlun rekstraraðila.

Frávikin eru eftirfarandi:

- 1. Gr. 3.2. í starfsleyfi.** Framkvæma skal frárennismælingar þegar verksmiðjan er í fullri vinnslu og skulu niðurstöður vera aðgengilegar og sendar eftirlitsaðila. Ekki voru framkvæmdar frárennismælingar fyrir árið 2019. **Samkvæmt úrbótaáætlun rekstraraðila hefur loðna ekki veiðst á vetrarvertíð síðustu tvær vertíðar. Framkvæmd verður sólarhringsmæling á frárennsli á næstu vetrarvertíð loðnu en rekstraraðili mun tilkynna Umhverfisstofnun þegar veiðar hefjast og von er á afla. Rekstraraðili hefur nú þegar haft samband við fagaðila til að koma og framkvæma mælingar á næstu vetrarvertíð loðnu. Ef ekki fæst loðna þá verður sólarhringsmæling á frárennsli framkvæmd við vinnslu annars afla sem gefur heila vinnslulotu. Rekstraraðili stefnir á framkvæmd mælinga í lok mars eða þegar afli leyfir.**
- 2. Gr. 2.17. í starfsleyfi.** Í frárennismælingum vegna ársins 2020 kemur fram að COD sé yfir losunarmörkum starfsleyfisins. **Samkvæmt úrbótaáætlun rekstraraðila hefur rekstraraðili brugðist við og farið yfir hreinsibúnað verksmiðjunnar, skilvindur, síur og fituskiljur.**
- 3. Gr. 3.3. í starfsleyfi.** Rekstraraðili skal færa útstreymisbókhald í samræmi við reglugerð nr. 990/2008, um útstreymisbókhald og skila niðurstöðum til Umhverfisstofnunar fyrir 1. maí ár hvert. Útstreymisbókhaldi vegna ársins 2019 var skilað of seint. **Samkvæmt úrbótaáætlun rekstraraðila verður útstreymisbókhaldi fyrir árið 2020 skilað inn fyrir 1. maí 2021.**

Umhverfisstofnun fellst á úrbótaáætlun rekstraraðila en úrbætur vegna frávíkanna verða teknar út í næsta eftirliti.

Verði frávikum ekki lokið eða ef áætlun um úrbætur gengur ekki eftir mun Umhverfisstofnun halda áfram með eftirfylgni þaðan sem frá var horfið.

Umhverfisstofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllst

Skúli Þórðarson
sviðsstjóri

Helga Rut Arnarsdóttir
lögfræðingur